

REGLUR VEGNA ÚTHLUTUNAR ORLOFSHÚSA UMHYGGJU

Húsin í Brekkuskógi og Vaðlaborgum eru leigð út allt árið. Félagar í Umhyggju og aðildarfélögum Umhyggju, sem greitt hafa félagsgjöld, eiga rétt á að sækja um dvöl í húsunum.

Eftirfarandi reglur gilda um úthlutun bústaðanna:

- 1) Langveik börn og fjölskyldur þeirra ganga fyrir þegar umsóknir eru afgreiddar.
- 2) Börn með hreyfihömlun ganga fyrir þegar umsóknir eru afgreiddar vegna þess sérútbúnaðar sem húsin bjóða upp á fyrir þann hóp.
- 3) Í sumar-, páska- og jólaúthlutun ganga þeir fyrir sem ekki fengu úthlutað árið áður. Með sumarúthlutun er átt við tímabilið frá 1.júní til 31.ágúst. Nái vika inn í júnímánuð eða hefjist í ágústmánuði telst hún sem sumarúthlutun.
- 4) Í verarleigu, utan jóla og páska, gildir reglan fyrstur kemur, fyrstur fær.
- 5) **Sumarúthlutun:** Sækja skal um fyrir 15.mars og eru umsóknir ekki teknar til meðferðar fyrir en eftir þann tíma. Fjölskyldur langveikra og hreyfihamlaðra barna hafa forgang, og ganga þeir fyrir sem ekki fengu úthlutun sumarið á undan.
- 6) **Páskar og jól:** Sækja skal um fyrir 1.október (jól) og 15.janúar (páskar) og eru umsóknir ekki teknar til meðferðar fyrr en eftir þann tíma. Leiga um jól og páska skiptist í tvö tímabil til að sem flestir fái notið. Jól: frá 23.-28.desember annars vegar, og 28.desember – 2.janúar hins vegar. Páskar: frá föstudegi fyrir dymbilviku fram á miðvikudag í dymbilviku annars vegar, og miðvikudegi í dymbilviku fram á annan í páskum hins vegar. Fjölskyldur langveikra og hreyfihamlaðra barna hafa forgang, og ganga þeir fyrir sem ekki fengu úthlutun árið á undan.
- 7) Húsin eru almennt leigð í viku í senn, frá kl. 16:00 á föstudegi til föstudags kl. 12:00. Verð er 15.000 kr. um helgar (1-4 dagar) en 25.000 kr. vikan (5-7 dagar).
- 8) Um greiðslu gildir eftirfarandi:
 - Vetrarleiga: greiðist að lágmarki 3 dögum fyrir brottför
 - Páskar og jól: greiðist að lágmarki mánuði fyrir brottför
 - Sumar: greiðist að lágmarki mánuði fyrir brottför, þó aldrei síðar en 1. júní
- 9) Óheimilt er með öllu að framleigja húsin.

